



Reykjavíkurborg
Íþróttá- og tólmstundasvið

Reykjavík, 18. september 2017
2013080017
3.8.2

Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Uppbygging í Úlfarsárdal

Í samræmi við 9. gr. samnings milli Reykjavíkurborgar og Knattspyrnufélagsins Fram, sem undirritaður var 8. sept. sl. hefur verið skipað sérstök bygginganefnd vegna uppbyggingar mannvirkja Fram í Úlfarsárdal.

Hjálagt fylgir til kynningar afrit af erindisbréfi nefndarinnar.


Omar Einarsson.



Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
Sími 411 5000

ERINDISBRÉF

Byggingarnefnd um svæði Fram í Úlfarsárdal

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Hlutverk:

Knattspyrnufélagið Fram og Reykjavíkurborg hafa gert með sér samning um uppbyggingu mannvirkja fyrir félagið, sem samþykktur var í borgarráði þann 6. júlí 2017. Byggingarnefnd um svæði Fram í Úlfarsárdal er ætlað að sjá um framkvæmd þess hluta samningsins sem tekur til uppbyggingar nýrra mannvirkja. Í samningnum er gert ráð fyrir sérstökum vinnuhóp vegna knatt húss.

Helstu verkefni:

- Að stýra hönnun og uppbyggingu á íþróttahúsi, knatt húsi og knattspyrnuvöllum.
- Umsjón með endanlegum frágangi svæðisins og stúkubyggingu við völlinn.
- Byggingarnefndin skal vera þeim hönnuðum sem ráðnir hafa verið til verksins til ráðgjafar um útfærslu mannvirkjana.
- Byggingarnefndinni er ætlað að tryggja hagkvæma hönnun og kostnaðargát í öllum skrefum hönnunar og uppbyggingar (stofnkostnaði), auk þess að hafa hliðsjón af hagkvæmni og rekstri mannvirkjana til framtíðar.
- Fara yfir tækja- og búnaðarlista mannvirkja.
- Umsjón með útboðum á öllum verklegum framkvæmdum er á vegum stýrihóps um heildarmannvirkið. Skal öllum útboðsreglum Reykjavíkurborgar fylgt við útboð verkefna. Jafnframt skal verklagsreglum Reykjavíkurborgar um verklegar framkvæmdir fylgt eftir því sem við á. Byggingarnefndin skal því kynna allar kostnaðaráætlanir fyrir stýrihópi og afla sér heimilda til útboða þar samkvæmt gildandi verklagsreglum.
- Formaður byggingarnefndar heldur utan um fundi byggingarnefndarinnar. Vinnur tímaáætlanir, heldur utan um samskipti við hönnuði, situr verkfundi og hefur heimildir til ákvarðanatöku í samræmi við verklagsreglur Reykjavíkurborgar um mannvirkjagerð. Kostnaður við rekstur byggingarnefndarinnar er hluti af stofnkostnaði mannvirkjana.
- Allur undirbúningur vegna erinda sem leggja á fyrir borgarráð skal fara í gegnum skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og USK.
- Verkstöðuskýrslu skal gera á þriggja mánaða fresti þar sem fram kemur áfallinn kostnaður ásamt áætlaðri verkstöðu ásamt útkomuspá. Bendi eitthvað til þess að verkefnið sé ekki að þróast í samræmi við áætlanir skal skrifstofa eigna og atvinnuþróunar upplýst um málið.
- Að minnsta kosti tvisvar á ári skal borgarstjóra og eftir atvikum borgarráði gerð grein fyrir stöðu verkefnisins. Skal verkefnisstjóri vinna þá kynningu í samráði við byggingarnefndina og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Byggingarnefndina skipa:

Jón Valgeir Björnsson, skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar, formaður.

Steinþór Einarsson, íþróttá- og tómstundasviði

Rúnar Gunnarsson, umhverfis- og skipulagssviði.

Lúðvík Þorgeirsson fulltrúi Fram

Þór Björnsson fulltrúi Fram

Kristjana Ósk Birgisdóttir, skrifstofu framkvæmda og viðhalds


Til ráðgjafar og samstarfs:

Byggingarnefndin leiti eftir atvikum ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Byggingarnefndin starfi þar til skilgreindum verkefnum hennar er lokið en skal a m k tvisvar á ári gera grein fyrir stöðu verkefnisins

Reykjavík, 8 september 2017



Dagur B. Eggertsson